

1870.
30. júní.

Þá verði hlutast til um, vegna þess að sjóðurinn missir þá mjög mikið af tekjum sínum, þegar sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, sem koma í gildi 1. ágústm. þ. á., renna ekki framár í sjóðinn, og vegna þess, að ætlast er til, samkvæmt frumvarpi til tilskipunar um byggingu hegningahúss og fangelsa á Íslandi, er lagt var fyrir alþing í fyrra, að hinn sami sjóður beri kostnað til að byggja hegningarhúsið: að launin handa málafærslumönnum verði þaðan af borguð á annan hátt, sökum þess, að eigi verður áð launanna verið eða þau lækkuð, ef menn vilja vera vissir um að tveir málafærslumenn verði fastir við landsyfirréttinn, svo sem álíta má mjög áriðanda. Í sambandi við þetta hafið þér að endingu skýrt frá, að þér í von um samþykki stjórnarráðsins ætlið framvegis að láta borga laun þessi úr dómsmálasjóðnum frá 1. janúarinn. þ. á. og þangað til dómsmálastjórnin leggur úrskurð sinn á málið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið leyfir, að laun þessi verði borguð þeim fyrnefndu tveimur málafærslumönnum úr dómsmálasjóðnum þar til 31. júlím. þ. á., og að þar á eftir, frá 1. ágústm. og svo fyrst um sinn, megi borga hvorum þeirra úr tæðum sjóði 16 rd. 64 sk. á mánuði. Þar að auki eruð þér beðinn að bera fram uppástungu yðar um, hvernig mætti borga nefndum tveimur málafærslumönnum laun þeirra á annan hátt, en að þau sè tekin af dómsmálasjóðnum, svo stjórnarráðið geti leitað álits næsta alþingis um málið.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verzlun á Geirseyri í Patreksfirði.

4. júlí.

Með bréfi, dagsettu 9. marzm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá nokkra, með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem bóndinn Markús Snæbjarnarson — ábúandi og eigandi jarðarinnar Geirseyrar, er liggur næst verzlunarstaðnum Patreksfirði (Vatneyri) í Barðastrandarsýslu, og þar sem einusinni,

1870.

4. júlí.

samkvæmt bréfi innanríkisstjórnarinnar 15. desbr. 1852, voru reist verzlunarhús, og verzlæð —, sækir um leyfi til að halda áfram þeirri verzlun, sem hann hefir hafið þar samkvæmt borgarabréfi, er sýslumaðurinn hefir veitt honum, og hafið þær jafnframt mælt með, að leyfi þetta fengist.

Útaf þessu verður yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þær birtið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt því til mótmælis, að beiðandinn haldi áfram þeirri verzlun, sem hann hefir hafið á Geirseyri, meðan hann rekur þá verzlun sjálfur.

6. júlí.

60. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skipting á árgjöldum og leigum af vaxtarsjóði milli uppgjafapresta og prestsekkna.

Eptir að þær, háæruverðugi herra, höfðu veitt sýnóðus-fundi, sem haldinn var í Reykjavík í fyrra, og prestunum í Hóla biskupsdæmi hinu forna, færi á, að segja álit sitt um þá skoðun, er stjórnarráðið hafði látið í ljósi í bréfi sínu 31. maí þ. á.,¹ á þá leið, að samkvæmt þeim skilningi á 7. grein tilskipunar 15. desember 1865, sem hæðan af á að fara eptir, væri rættast, að taka þann sjóð, sem safnað hafði verið af árgjöldum frá braudunum í fyrnefndu Hóla biskupsdæmi, og var orðinn 687 rd. 59 sk. við árslokin eða 31. desembrm. 1868, og steypa honum saman við annan sjóð úr Skálholts biskupsdæmi, sem er 267 rd. 19 sk. og stendur á vöxtum, en þessum vöxtum er á ári hverju útbýtt á sýnóðus-fundi meðal fátækra uppgjafapresta í Skálholts biskupsdæmi hinu forna; síðan skyldi vöxtum beggja sjóðanna verða útbýtt árlega á sýnóðus-fundi eptir hinum sömu reglum og árgjöldunum er skipt, smbr. niðurlag 7. greinar tilskipunarinnar, meðal allra fátækra uppgjafapresta og prestsekkna á Íslandi, án tillits til þess hvar þeir eða þær eiga heima; hafið þær í bréfi, dagsettu 21. marzm. þ. á., skýrt frá, að sýnóðus-fundur hafi samþykkt þessa skoðun, en allir pró-

¹ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 635.